
FUNDARGERÐ

Fundur: Eldsneytishópur 2011-04
Fundartími: Föstudagur 2. desember 2011 kl. 10:30
Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

- 1) **Endurreiknuð eldsneytisspá.**
- 2) **Undirbúningur söfnunar ganga ársins 2011.**
- 3) **Önnur mál**

Fundinn sátu:

Eldsneytishópur: Ágústa S. Loftsdóttir, Orkustofnun
Birna Hallsdóttir, Umhverfisstofnun
Magnús Ásgeirsson, N1

Efla: Jón Vilhjálmsson

- 1) JV sagðist vera búinn að setja rauntölur síðustu tveggja ára inn í líkanið fyrir eldsneytisspána og fór hann yfir niðurstöðurnar. Ákveðið var að seinka aðeins yfirfærslu bifreiða yfir á aðra orkugjafa en skv. líkaninu hefur hún færst nær í tíma við þennan endurreikning. Einnig var ákveðið að aðgreina tæki frá bifreiðum og nota þá aðferð sem hópurinn hefur miðað við á undanförunum árum. Stórir flutningabílar eru þá með tækjum. MÁ sagði að N1 gerði ráð fyrir í áætlunum sínum að framkvæmdir muni aukast fyrir kosningar sem verða vorið 2013.

Notkun fiskiskipa hefur verið meiri en gert var ráð fyrir í spánni frá 2008. Notkun erlendra fiskiskipa er örugglega of há þar sem svo virðist sem öll erlend millilandaskip lendi í þessum flokki svo sem skemmtiferðaskip þar sem millilandanotkun annarra skipa er hverfandi í tölum olúfélaganna.

Notkun flugvéla minnkaði mikið í hruninu en nú er hún farin að vaxa að nýju og sagðist MÁ gera ráð fyrir 10% aukningu í ár. Ákveðið var að hækka spána fyrir flugið á allra næstu árum.

JV var falið að gera þessar breytingar á spánni. Farið verður síðan í að taka saman texta um endurreikninginn en hann verður ekki kláraður fyrr en rauntölur ársins 2011 liggja fyrir.

- 2) ÁSL ætlar að hafa samband við olúfélögin varðandi gagnaskil og miða við að skila eigi gögnum fyrir 10. febrúar. Þá ætti að vera hægt að klára endurreikninginn í mars.

Fleira ekki gert. Næsti fundur verður snemma í janúar. Fundi slitið kl. 11:40.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

Dreift var fyrir fundinn:

Sýnt var en ekki dreift:

- Líkan fyrir eldsneytisspá með rauntölum til 2010.
- Samanburður á endurreiknaðri spá og spá frá 2008.

Verkefni frá þessum fundi:

Umsjón	Verkefni
Jón	Breytingar á líkani
Jón	Taka saman skýrslu um endurreikninginn.
Ágústa	Innheimta gögn ársins 2011